

Ed.

316. Nefndarálit

[126. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 61 24. des. 1964, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Samkvæmt frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, á söluskatturinn að hækka úr 7½% í 11%. Sú tekjuaukning, sem ríkissjóður á að fá með þessari hækkun, á að nokkru að ganga til að bæta þann tekjumissi, sem verður vegna lækkunar á tollum vegna aðildar Íslands að EFTA, og að nokkru til annarra útgjalda ríkissjóðs, sem óviðkomandi eru inngöngu Íslands í EFTA.

Með þessu frumvarpi er stefnt að gerbreyttri stefnu í skattamálum ríkisins. Þetta er skref í þá átt að færa ríkistekjurnar frá aðflutningsgjöldum í söluskatt. Aðflutningsgjöldin eru mishá eftir því, hvort um er að ræða nauðsynjavörur almennings eða munaðarvörur. Söluskatturinn kemur hins vegar þyngst niður á tekjulágu fólki með stórar fjölskyldur.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um tollskrá o. fl. er frá því skýrt, að þetta sé fyrsta stóra skrefið, sem stigið sé í þá átt að afnema aðflutningsgjöld. Í stað þeirra kemur væntanlega enn hækkaður söluskattur, er leggst jafnt á allar vörur, hvort sem þær eru nauðsynlegar eða ekki.

Við, sem að þessu nefndaráliti stöndum, teljum, að tekna hefði átt að afla með allt öðrum hætti til þess að mæta þeirri tollalækkun, sem leiðir af aðildinni að EFTA. Það hefði átt að fara þær tekjuöflunarleiðir, að helztu lífsnauðsynjar yrðu ekkert eða sem allra minnst skattlagðar. Einnig er sú leið til að bæta álögur á neyzluvörur upp með auknum fjölskyldubótum eða á annan hátt.

En þar sem sýnilegt er, að knýja á fram þetta frumvarp um hækkun sölu-skattsins í þinginu, viljum við gera tilraun til þess að flytja breytingartillögur, er mundu, ef samþykktar yrðu, draga verulega úr afleiðingunum fyrir almennig af þeirri ranglátu skattheimtu, sem hér er á ferðinni.

Við leggjum til, að söluskattur verði alveg afnuminn á kjöti, kjötvörum, smjöri, skyri, kartöflum, kaffi, kornvörum, rafmagni, heitu vatni og gasolíu til heimilisnota.

Í öðru lagi leggjum við til, að fjölskyldubætur verði hækkaðar um 20%, og mundi sú hækkun nema 1000 kr. á hvert barn.

Ef tillögur okkar yrðu samþykktar, mundi það væntanlega kosta ríkissjóð samtals 345 millj. kr. Þar á móti mundi koma um það bil 50—60 millj. kr. útgjalda-lækkun hjá ríkinu, sem stafar af því, að þær ráðstafanir, sem við leggjum til að gerðar verði til að létta byrðar almennings vegna söluskattshækkunarinnar, mundu hafa í för með sér 3 stiga lækkun vísitölnunnar, en það mundi lækka útgjöld ríkissjóðs um 50—60 millj. kr. Þegar tekið er tillit til þessa, mundi þetta ekki kosta ríkið nema 285—295 millj. kr. á yfirstandandi ári.

Það er á allra vitorði, að tekjurýrnun hjá almennig hefur orðið gífurleg að undanfögnu og stórfelld launahækkun er orðin óumflýjanleg nauðsyn, sem verður ekki með nokkurri sanngirni staðið gegn. Þetta frumvarp um hækkun sölu-skatts, sem hér liggur fyrir, eykur verulega á þá nauðsyn. Skoðun okkar er sú, að skynsamlegra væri fyrir ríkisstjórnina og þingmeirihluta hennar að samþykkja breytingartillögur okkar, sem miða að því að draga úr áföllunum hjá almennig í sambandi við hinar auknu álögur, heldur en að bæta enn öflu á eld dýrtíðar í landinu, sem leiðir til ófarnaðar fyrir alla landsmenn.

Alþingi, 30. jan. 1970.

Kristján Thorlacius,
frsm.

Bjarni Guðbjörnsson.